

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að kallað verði eftir upplýsingum frá foreldrum í tengslum við skóla án aðgreiningar - R19070160

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundarráð kalli markvisst og kerfisbundið eftir upplýsingum frá foreldrum sem telja að börn þeirra fái ekki náms-, félags, og/eða tilfinningalegum þörfum sínum mætt í hinum „almenna skóla“ byggðan á stefnu borgarinnar sem kallast Skóli án aðgreiningar. Eins og Flokkur fólksins hefur margítrekað þá er verið að taka áhættu með andlega heilsu barna ef þau eru sett í aðstæður til langs tíma þar sem þau fá ekki notið sín í. Barn sem upplifir sig ekki vera meðal jafningja og finnur sig einangrað er í áhættu með að þróa með sér depurð og kvíða. Eins og fram hefur komið m.a. í könnun Velferðarvaktarinnar er hópur barna sem neitar að fara í skólann vegna vanlíðan sem þau tengja skólanum. Hópurinn hefur farið stækkandi undanfarin ár. Þessi börn geta verið alla ævi að byggja sig upp eftir áralanga veru í skólaaðstæðum sem ekki hentar þeim.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Svar:

Foreldrakönnun varðandi skólastarf er reglulega lögð fyrir foreldra í Reykjavík þar sem m.a. er spurt um mat foreldra á því hvort þeir telji að skólinn sé að mæta sínu barni, s.s. hvort þeir telji að barnið fái góðan stuðning frá kennurunum, hvort því líði vel í skólanum og hvort það taki stöðugum framförum í námi. Einnig er foreldrum gefinn kostur á að koma því á framfæri um skólastarfið sem þau telja mikilvægt að komi fram. Þar hafa komið fram einhverjar athugasemdir varðandi stuðning og sérþarfir en þær eru yfirleitt ekki margar og gefa ekki vísbendingar um vilja eða álit foreldra almennt.

Í ytra mati á grunnskólum borgarinnar eru foreldrar spurðir hvort þeir hafi fengið kynningu á stöðþjónustu skólans og hvar þeir finni upplýsingar um þessa þjónustu. Einnig eru foreldrar spurðir um einstaklingsnámskrár, hvort þeir hafi komið að gerð þeirra og þá hvernig. Foreldrar eru jafnframt spurðir hvort þeir telji sig geta fylgst með námi barns síns, hvað það er að læra og

hvernig gengur. Að auki eru foreldrar spurðir hvort þeir telji að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi og beðnir um að gefa dæmi um slíkt.

Skólaárið 2019 - 2020 stendur yfir viðamikil úttekt á framkvæmd sérkennslu og stuðnings við fjölbreytta nemendahópa í 10 grunnskólum og mun því verkefni ljúka á árinu 2020. Verkefnið felst í að safna upplýsingum með því að rýna í gögn, gera kannanir, taka viðtöl, rýnihópasamtöl og fara í vettvangsathuganir í skóla.

Í greinargerð var spurt af hverju hefur borgarmeirihlutinn/skóla- og frístundarráð hafi ekki staðið við áætlun sína sem birt er í skýrslu frá 2012 um að stofna til fjögurra þáttökubekkja undir stjórn Klettaskóla. Því er til að svara að haustið 2013 tók til starfa fyrsti þáttökubekkur Klettaskóla sem er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með aðsetur í Árbæjarskóla. Sömu inntökuviðmið hafa hingað til gilt um skólavist í þáttökubekk og í Klettaskóla sjálfum. Á undanförunum árum hefur komið upp umræða um hvort endurskoða skuli þau viðmið og gera þau þannig að þáttökubekkur standi börnum með væga þroskahömlun til boða, án viðbótarfatlana. Einnig hefur verið umræða um fyrir hvaða aldurshóp þáttökubekkur frá Klettaskóla ætti að vera. Þó sömu inntökuviðmið hafa gilt fyrir þáttökubekkin er nemendahópurinn þar með verulega vægari aðrar fatlanir en þroskahömlun en nemendur í skólanum sjálfum. Til stóð að bekkirnir yrðu 4 í borginni en þar sem eftirspurn eftir skólavist í þáttökubekk hefur verið lítil þar til nú hefur stofnun fleiri slíkra bekkja verið slegið á frest hingað til.

Þess ber að geta að unnið hefur verið að fjölgun úrræða vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í skólastarfinu.

- Hegðunarráðgjafar hafa verið ráðnir á allar þjónustumiðstöðvar.
- Talmeinafræðingar hafa verið ráðnir á allar þjónustumiðstöðvar til að vinna á brúnni milli leik- og grunnskóla og fylgja nemendum sem þess þurfa úr leikskóla í grunnskóla.
- Unnið er að því að færa skólaþjónustuna í ríkara mæli inn í skólana.
- Á síðasta skólaári voru stofnuð tvö farteymi vegna nemenda með fjölpættan vanda. Í hvoru teymi starfa átta sérfræðingar á sviði hegðunar, geðraskana og félagslegs vanda.